

# 11. Við Mývatn

<p><b>Markmið</b></p> <p>Að nemandinn þjálfist í að skilja og nota orð sem tengjast</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• útivist á jarðhitasvæði og við stöðuvatn.</li><li>• því að týna(st), leita og finna.</li><li>• dýralífi við stöðuvatn.</li></ul> <p>Að nemandinn læri að beita</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• nokkrum tímahugtökum yfir liðinn og ókominn tíma (<i>í gærkvöldi, í fyrrakvöld, á morgun</i>).</li><li>• sögninni <i>að vera</i> í nútíð og þátíð et. og ft. og í 1., 2. og 3. persónu.</li></ul>	<p><b>Áherslupættir</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Náttúra við stöðuvatn.</li><li>• Útivist.</li><li>• Stangveiði.</li><li>• Skordýr.</li><li>• Samtöl.</li><li>• Þjóðsögur og draugasögur.</li></ul>
<p><b>Verkefni í pdf-formi</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Glósubókin.</li><li>• Orð og mynd.</li><li>• Krossgáta.</li><li>• Önnur verkefni.</li></ul>	<p><b>Gagnvirkt efni og pdf-efni á vef Námsgagnastofnunar</b></p> <p><b>Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera</b> <b>Komdu og skoðaðu umhverfið</b> Sjá m.a. í handraðanum og myndasafn. <a href="http://www.namsgagnastofnun.is/komdu/index.htm">http://www.namsgagnastofnun.is/komdu/index.htm</a></p> <p><b>Fuglavefurinn</b> <a href="http://www1.nams.is/fuglar">http://www1.nams.is/fuglar</a></p> <p><b>Hlustum á þjóðsögurnar okkar</b> <a href="http://www.nams.is/hljodbaekur">http://www.nams.is/hljodbaekur</a></p> <p><b>Æfum íslensku</b> Sjá Þemavika: Æfing. <a href="http://www.nams.is/aefum_isl/index.htm">http://www.nams.is/aefum_isl/index.htm</a></p>
<p><b>Aðferð – efni – gögn</b></p> <p><b>Skordýr</b> Myndir af skordýrum skoðaðar. Sjá t.d. bókina <i>Sögusteinn</i> bls. 98–99 og Geitungar á Íslandi.</p> <p><b>Blómin</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur finna myndir af blómunum fffli og sóley.</li><li>• Blómin teiknuð og lituð.</li><li>• Nota má blómin sem einkennisblóm fyrir hópa, t.d. þegar skipt er í lið.</li></ul> <p><b>Týna, fela, leita og finna</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur skiptast á að fela hlut.</li><li>• Lýsingarorðin <i>heitur – kaldur – volgur</i> notuð þegar leitað er (eftir því hve nálægt þeim sem leitar faldi hluturinn er).</li></ul>	<p><b>Annað námsefni</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Íslenska nýja málið mitt</i>: Verkefni á bls. 80 (1).</li><li>• <i>Sagnorðaspilið</i>: Sagnorð í 3. flokki.</li><li>• <i>Úti um mela og móa</i>, bls. 8–11 (eldur, hverir, ár, fossar, stöðuvötn o.fl.) og bls. 18 og 19 (sumar).</li><li>• Smábókin <i>Rumur í Rauðhamri</i> ásamt verkefnum á vef (pdf) og gagnvirkum verkefnum, sjá <a href="http://www.nams.is/smabok/rumur/index.htm">http://www.nams.is/smabok/rumur/index.htm</a></li></ul>

# 11. Við Mývatn

## GLÓSUBÓKIN

Íslenska

Annað tungumál

týndist: týna

fundu: finna

# 11. Við Mývatn



**Skrifaðu rétt orð við númerin.**

- [1] \_\_\_\_\_ [2] \_\_\_\_\_ [3] \_\_\_\_\_
- [4] \_\_\_\_\_ [5] \_\_\_\_\_ [6] \_\_\_\_\_
- [7] \_\_\_\_\_ [8] \_\_\_\_\_ [9] \_\_\_\_\_
- [10] \_\_\_\_\_ [11] \_\_\_\_\_ [12] \_\_\_\_\_



**Skrifaðu rétta setningu við myndirnar.**



Sonja las bók um tröll fyrir Símon.



Á sumrin er bjart alla nóttina á Íslandi.



Það eru mörg eldfjöll á Íslandi.

Hverir eru mjög heitir.



**Dragðu strik milli orðanna. Hvað eru orðin mörg?**


tjaldstæðiveiðistönghrauntröllköngulófífillsóley

Alls: \_\_\_\_\_ orð

# 11. Við Mývatn



## Krossgáta



## Leystu krossgátuna. Skriðu svo orðin á strikin.

### Lárétt

- 2. hraun \_\_\_\_\_
- 5. st \_\_\_\_\_
- 8. fí \_\_\_\_\_
- 10. ve \_\_\_\_\_

### Lóðrétt

- 1. ma \_\_\_\_\_
- 3. tj \_\_\_\_\_
- 4. kö \_\_\_\_\_
- 6. tr \_\_\_\_\_
- 9. fl \_\_\_\_\_
- 11. só \_\_\_\_\_
- 12. ön \_\_\_\_\_

# 11. Við Mývatn



## Skoðaðu orðin vel.

núna/í dag/oft	
ég er 	við erum 
þú ert	þið eruð
hann/hún/það er	þeir/þær/þau eru

*Leskóðu!* 



## Skrifaðu rétt orð á strikin.



Hvar \_\_\_\_\_ Sonja?



Við pabbi \_\_\_\_\_ að fara í sund. Viltu koma með?



Hún \_\_\_\_\_ úti í hrauni.



Ég nenni ekki, ég \_\_\_\_\_ svo latur núna.



Af hverju \_\_\_\_\_ þú ekki með henni?





Já, þið Sonja \_\_\_\_\_ stundum löt.




Ég \_\_\_\_\_ að teikna.



## Skoðaðu orðin vel.

áður/í gær/búið	
ég var 	við vorum 
þú varst	þið voruð
hann/hún/það var	þeir/þær/þau voru

*Leskóðu!* 



## Skrifaðu rétt orð á strikin.

Sonja: \_\_\_\_\_ þú að veiða í gær, Símon?

Símon: Já, ég \_\_\_\_\_ að veiða í gær!

Sonja: \_\_\_\_\_ þú einn að veiða?

Símon: Nei, við Palli \_\_\_\_\_ að veiða saman.

Sonja: \_\_\_\_\_ gott veður?

Símon: Í gær \_\_\_\_\_ gott veiðiveður, það \_\_\_\_\_ rigning.

Sonja: \_\_\_\_\_ þið lengi að veiða?

Símon: Já, við \_\_\_\_\_ allan morguninn.

Sonja: \_\_\_\_\_ þú ekki þreyttur?

Símon: Nei, nei, ég \_\_\_\_\_ ekkert þreyttur.

# 11. Við Mývatn



## Krossaðu í réttan reit.

Egill Skallagrímsson var mjög sterkur

rétt

rangt

Það er eldfjall undir Snæfellsjökli.

Flatey er á Steingrímsfirði.

17. maí er þjóðhátíðardagur Íslendinga.


Vigur er mjög stór eyja.

Í gamla daga var biskup á Hólum.

Mývatn er stórt vatn á Suðurlandi.



## Skrifaðu tölvupóst frá Sonju til Rósu.



## Skrifaðu rétt orð á strikin.

Ég fer í ferðalag á morgun.

í morgun = búið

Það er frí í skólanum \_\_\_\_\_.

á morgun = á eftir að gerast

Ég vaknaði klukkan sjö \_\_\_\_\_.

Það er sunnudagur \_\_\_\_\_.

Það var mikil rigning \_\_\_\_\_.

Mamma og pabbi fóru í sund snemma \_\_\_\_\_.

# 11. Við Mývatn




## Skrifaðu rétt orð á strikin.

- Við förum í sumarfrí \_\_\_\_\_.
- Skólinn byrjar \_\_\_\_\_.
- Krakkar fara á skíði \_\_\_\_\_.
- Það er oft snjór og frost \_\_\_\_\_.
- Fuglar búa sér til hreiður \_\_\_\_\_.
- Bóndinn smalar kindunum \_\_\_\_\_.
- Lömbin fæðast \_\_\_\_\_.
- Bóndinn slær grasið \_\_\_\_\_.
- Það er oft hlýtt úti \_\_\_\_\_.
- Við syndum stundum í sjónum \_\_\_\_\_.

á sumrin  
á veturna  
á vorin  
á haustin



## Skrifaðu í litlu hringina orð sem þér detta í hug og tengjast orðunum í kassanum. Þú getur búið til fleiri hringi.



# 11. Við Mývatn

## Tröllin í hrauninu

Einu sinni voru bræður.  
Þeir voru risastórir.  
Þeir voru tröll.

Annað tröllið hét Skúmur.  
Bróðir hans hét Glúmur.  
Mamma þeirra hét Skúmgjúma.  
Pabbi þeirra hét Glúmskúmur.

Þau áttu heima í helli.  
Hellirinn var risastór.  
Samt var hann orðinn of lítill  
af því að Glúmur og Skúmur  
stækkuðu svo mikið.

Einu sinni sagði Glúmskúmur tröllapabbi  
við strákana sína:  
– Þið verðið að flytja úr hellinum!  
Það er ekkert pláss fyrir okkur öll.  
Þið eruð orðnir allt of stórir!

– Hvert eigum við að fara? spurði Skúmur  
– Allir hellar í fjallinu eru fullir af tröllum,  
sagði Glúmur.

– Það er ekkert pláss í fjallinu,  
sagði tröllapabbi þá.

– Þið verðið að fara langt í burtu.  
Þið verðið að fara burt úr fjallinu og niður  
að stóra vatninu, sagði tröllumamma.

– Eru hellar þar? spurðu Glúmur og Skúmur.

– Já, rétt hjá vatninu eru stórt hraun.  
Það eru margir hellar í hrauninu.

– Ég vil ekki flytja þangað! sagði Skúmur.  
– Af hverju ekki? spurði Glúmskúmur.

– Það eru svo margar flugur þar, svaraði Skúmur.  
– Já, það eru flugur sem stinga okkur, sagði Glúmur.

– Æ, litlu tröllastrákarnir mínir, sagði tröllumamma,  
eruð þið hræddir við flugur?  
– Já, þetta eru mýflugur sem stinga alla.  
Það er ekki gott, sagði Skúmur.

– Það er mjög vont!, sagði Glúmur.

– Ég ætla að búa til krem og gefa ykkur,  
sagði Skúmgjúma tröllumamma.

– Ég bý þá til úr fugladriti og eyrnamerg  
úr stóru eyrunum ykkar.  
Ég hræri svo í með hrafnsfjöður.  
Ef þið berið þetta á mýbit batnar það strax!

Þetta sagði tröllumamma og fór strax að safna  
eyrnamerg úr stóru tröllaeyrunum.  
Tröllapabbi fór út að safna fugladriti í fötu.

Svo fluttu Glúmur og Skúmur í flotta hella  
í hrauninu við vatnið.

Þeir lærðu að búa sjálfir til mýflugukrem.  
Það er leyniuppskrift.

Þeir giftu sig og áttu börn og buru.  
En tröllin urðu alltaf minni og minni  
af því að það var ekki pláss í hrauninu fyrir  
mjög stór tröll – bara frekar lítill tröll.

Þessi tröll eru kölluð **hraun-hella-tröll**.



## Krossaðu í réttan reit.

Tröllin áttu heima í	húsi	<input type="checkbox"/>	sveitabæ	<input type="checkbox"/>	helli	<input type="checkbox"/>
Þau áttu að flytja að	sjó	<input type="checkbox"/>	vatni	<input type="checkbox"/>	fossi	<input type="checkbox"/>
Tröllin voru hrædd við	flugur	<input type="checkbox"/>	hunda	<input type="checkbox"/>	fiska	<input type="checkbox"/>
Tröllumamma safnaði	mosa	<input type="checkbox"/>	eyrnamerg	<input type="checkbox"/>	fugladriti	<input type="checkbox"/>